

# Flugleiðir tilkynna brottför einleikur eftir Benóný Ægisson

## Persónur:

LÓA

BARÞJÓNN

RÖDD Í HÁTALARA

*Leikurinn gerist á bar í flughöfn. LÓA situr við barinn með tómt staup fyrir framan sig. BARÞJÓNNINN er fyrir innan barborðið. Hann er þögull allan leikinn, hlustar, afgreiðir, þússar glös o.s.frv. (Þessari persónu má sleppa)*

LÓA

Þeir eru góðir svona beilís. Ég gæti drukkið þá allan daginn  
Heldurðu að maður yrði skrautlegur? Mér yrði allavega lítið úr verki.  
Kannski ég fái bara annan.

BARÞJÓNNINN hellir í glasið hennar.

LÓA

Það hlýtur að vera skemmtilegt að vinna á svona stað. Allt fullt af útlendingum - já og Íslendingum líka - og allir í svo fínnum fötum og lykta svo vel. Allir á leiðinni á einhverja spennandi staði: Kaupmannahöfn, New York, Dublin, Lúxemborg.. já, eða til Spánar. Í sólina. Rosalega gott að komast í sólina.

Mér finnst ég alltaf komin til útlanda þegar ég er komin hingað. Ég hef reyndar aldrei ferðast mikið en rosalega finnst mér alltaf gaman að sjá allt þetta útlenska fólk.

Þú ert heppinn.

Það er öðruvísi þar sem ég vinn.. vann meina ég.. ég er eiginlega í fríu núna.

Það var svona lítið hverfisbakarí þar sem maður þekkti alla: Hver vill gróft, hver vill fínt, hver á krakkana sem koma að sníkja enda eða andabrauð eða unglíngana úr skólanum við hliðina sem koma í frímínútunum og geta verið frekar óþolandi.. þú veist.

Maður veit allt um alla og það gerist aldrei neitt nýtt. Nei - ég vildi heldur vinna á svona stað.

*Þögn.*

LÓA

Við vorum fimm sem unnum þarna í bakaríinu. Ég fyrir framan.. í búðinni. Gummi - hann var aðallega í brauðunum. Grjóni - í sætabrauðinu, kökunum og tertunum. Það er ótrúlegt hvað hann er duglegur í skreytingunum eins og hann djúsar rosalega.

Og svo nýbúinn. Hann heitir nafni sem er ómögulegt að muna: Hong, Tong eða Bong eða eitthvað svoleiðis. Hann heitir víst Teitur í þjóðskránni. Grey maðurinn!

Ég meina.. er það ekki undarlegt að hafa heitið Hong Tong eða Bong eða svoleiðis í hlýjunni hinumegin á hnettinum og lenda svo hér norður í ísköldu rassgati og heita Teitur. Teitur! Hver heitir Teitur nú á dögum?

Allavega - hann hreinsaði plötur og form, smurði, setti inn í ofninn og tók út úr honum. Bar fram í búðina og þessháttar. Eftir að gamli bakarinn.. já það var svo undarlegt - þá setti hann nýbúann í að kveikja á ofnunum. Lét hann fá lykla og allt. Eins og hann væri sá eini sem hann treysti.

Já hann Brandur. Meistarinn. Hann vakti yfir öllu eins og ég veit ekki hvað. Þetta var svo helvíti nískt að hann treysti engum til að smyrja glassúr á vínarbrauðin nema sjálfum sér.

*(Hermir eftir)*

“Sykur er dýr. Að má ekki bara juða þessu á einhvernveginn og einhvernveginn. Ef maður bruðlar með sykurinn þá stendur reksturinn ekki undir sér”

*LÓA stendur upp frá barnum og gengur fram á sviðið - snýr til áhorfenda. Ljósgeisli að ofan sýnir að gatið er opið.*

LÓA

Hann heldur að allir séu að stela frá sér. Hann er viss um að ég steli úr kassanum.

Þessvegna sagaði hann gatið í gólfið. Til að geta fylgst með mér.

Hann býr hérna fyrir ofan og svefnherbergið hans er beint yfir búðinni.

*(Lækkar róminn)*

Sko! Nú er hann að fylgjast með mér þetta helvíti.

Hann leggst á hnén á gólfið. Þetta er eldri maður svo það gengur ekki hávaðalaust fyrir sig. Hann fjarlægir kubbinn úr gatinu. Og svo njósna hann.

*LÓA sest aftur við barinn. Ljósíð slokknar.*

LÓA

Ég held í alvöru að hann hafi haldið að ég vissi ekki af honum.

Ég veit ekki hvað var verst við þetta.

Skilurðu mig? Hvort er verra að vera vantreyst eða vita að því að stöðugt sé fylgst með manni? Það var eitthvað.. eitthvað.. eitthvað sjúkt við þetta.

Að fullorðinn maður skyldi láta svona.

Ég var búin að vinna hjá honum í átta ár - fjandinn hafi það. Hann hefði getað rekið mig fyrir löngu ef hann hefði haldið að ég stæli úr kassanum.

*Þögn.*

LÓA

Það var annars ágætt þarna áður en hann byrjaði á þessu.

Strákarnir - Gummi og Grjóni - þeir voru ágætir. Og nýbúinn líka.

Gummi var alltaf mættur fyrstur. Ég veit ekki hvenær sá maður sefur eiginlega.

Þegar ég kom klukkan sjö var hann að hnoða og slá upp. Dúmm, dúmm, dúmm,

dúmm - rosalegur kraftur í honum. Ég held það séu þessar pillur sem hann er alltaf bryðjandi. En hann segir að þær séu bara vítamín.

Mér er sama. Hann er fínn strákur hann Gummi þó hann sé í dópínu. Hann er samviskusamur og stundvís og það er ekki hægt að segja það sama um hann Grjóna.

Þegar hann fór á túra mætti hann ekki dögum saman.

Þá varð Brandur að sjá um sætabrauðið og hann var ekki hrifinn að því.

Sjálfsagt var hann hræddur um að ég stæli úr kassanum á meðan hann gat ekki fylgst með.

*Gatið opnast. LÓA stendur upp og gengur fram. Ljósgeisli fellur niður um gatið.*

LÓA

Nú er hann á gatinu. Helvítis ógeðið. Ég er farin að halda að það sé eitthvað óeðli í þessu.

Ég meina.. hvað á það að þýða að glápa svona á mann? Dag eftir dag. Mánuð eftir mánuð.

Svona karlar verða víst oft undarlegir þegar þeir eldast. Á kynferðissviðinu skilurðu? Þú veist.. fara að klæða sig eins og unglingar og sækja í smástelpur.

Það getur ekki bara verið nískan og þjófhræðslan sem heldur honum þarna.

(Þögn)

Guð! Hann skyldi þó ekki vera að..? Nei andskotinn - hann er orðinn svo gamall.

Maður veit þó aldrei með karlmenn - ég meina - hvað er lengi líf í þeim? Eins og maður les stundum um - einhverjir afgamlir karlar að eignast börn með ungum konum. Djöfuls ógeð!

Það hlýtur að vera eitthvað að hjá konum sem láta sig hafa það að giftast svona körlum. Eins og þessi ítalska. Lastu um hana?

Hún var ekki að eltast við peningana hans. Hún var forrík en hann átti ekki bót fyrir rassgatið á sér. Garðyrkjumaður á sveitasetri foreldra hennar. Hún sagðist hafa elskað hann síðan hún var smástelpa en gat ekki gifst honum fyrir en foreldrar hennar dóu í bílslysi - þú veist - þau voru ekki af sömu stétt og hann átti ekki neitt.

Hann skyldi þó ekki..?

(Kallar upp í gatið)

Það vildi ég óska að þú misstir sjónina helvítis pervertinn þinn!

*Gatið lokast. LÓA sest aftur við barinn*

LÓA

Ég gat bara ekki orða bundist.

Svo fékk ég ofboðslegan mórál þegar það dundi yfir.

Karlgreyið - ég dauðskammaðist mín.

Hvað heldurðu að hafi gerst?

Daginn eftir heyrðum við skerandi vein svo hjartað hætti að slá. Eitt augnablik var ekkert til í heiminum nema þetta óp angistar og skelfingar og maður bara stóð frosinn á gólfinu og vissi ekki hvar maður var.

Það var nýbúinn sem áttaði sig fyrstur og rauk upp og fann hann þar sem hann var að reyna að þreifa sig áfram um íbúðina. Hann var alveg óður og Grjóni og Gummi þurftu að sitja ofan á honum þangað til sjúkrabíllinn kom og hann öskraði allan tímann.

Það var hryllilegt. Ég er viss um að ég gleymi því aldrei á meðan ég lifi.

Það var einhver galli í sjóntauginni - eitthvað ættgengt held ég - eitthvað sem kemur bara fram svona allt í einu. Annars hef ég ekkert vit á þessu.

En allavega - hann var orðin blindur.

*Þögn.*

LÓA

Þrjár vikur sat hann og starði á vegginn - það er að segja ef maður getur talað um að blint fólk stari - og sagði ekki orð. Sat bara eins og stytta á rúminu, át hvorki né drakk - svaf ekki einu sinni.

Nýbúinn reyndi að tala við hann og fá hann til að borða eitthvað en ekkert gekk. Fjölskyldan sendi hann til Kanarí til að reyna að hressa hann við. Teitur.. nýbúinn fór með honum og teymdi hann um allt en það breytti engu. Hann var eins og liðið lík - sagði nýbúinn - át varla og drakk ekki neitt.

Svo var það einn daginn.. eftir að hann kom heim.. ég get svarið það að ég hélt að ég yrði ekki eldri.

Ég var í búðinni - allt vitlaust að gera - þegar ég heyri að kubburinn er tekinn úr gatinu.

*Ljósgeisli fellur niður um gatið. LÓA gengur fram á sviðið.*

LÓA

Ég var svo sem ekkert að hugsa um það enda orðin vön þessu skarki og svo var allt brjálað í búðinni - löngufrímínútur hjá krökkunum og þau alveg óþolandi.

En þá.. allt í einu sló því niður í mig: Guð minn góður! Hann er á gatinu! Blindur maðurinn!

Ég var næstum farin að gráta ég vorkenndi honum svo mikið.

En það var bara fyrst. Svo mundi ég eftir því hvað hann hafði verið mikið svín og það kom í mig dálítill þúki.

Þegar krakkarnir voru farnir þá opnaði ég kassann og kallaði til hans svona undurblíðlega: “Brandur! Brandur minn! Hvað heldurðu að ég sé að gera? Brandur! Hvað heldurðu að sé mikið í kassanum núna? Áttu erfitt með að fylgjast með því hvort ég er að stela frá þér greyið? Eða var það kannski eitthvað annað sem þú..”

*Skothvellur. LÓA stirðnar upp. Síðan gengur hún hægt að barnum og sest.*

LÓA

Það hafði engum dottið í hug að fjarlægja haglabyssuna hans. Hann var svona útivistartýpa - þú veist - sem drepur allt kvikt í kringum sig.

Hann stakk bara byssuhlaupinu upp í sig og dreifði hausnum á sér yfir veggina í herberginu. Svo sagði nýbúinn - ég gat ekki farið upp sjálf.. ég vildi það ekki.

RÖDD Í HÁTALARA

Flugleiðir tilkynna brottför í flug 714 til Kanaríeyja. Vinsamlegast gangið út um hlið númer fjögur.

LÓA

Það er mín vél! Það er mín vél! Hvar er hlið númer fjögur?

*BARÞJÓNN bendir henni í áttina.*

LÓA

Hann var kannski ekki sem verstur hann Brandur þegar þegar allt kom til alls.

Hann hafði gert erfðaskrá. Nýbúinn fékk bakaríið. Hann er að breyta því í skyndibitastað. Við hin fengum öll 200.000 kall.

Þess vegna hef ég efni á að skreppa til Kanarí.

Þú veist - eins dauði er annars brauð. Annars brauð.. þú veist.. bakarí.. nei þetta er víst ekkert fyndið.

Jæja elskan. Voðalega gaman að spjalla við þig. Sé þig kannski seinna. Bless bless.

*LÓA veifar til BARPJÓNSINS sem veifar á móti. Hún flýtir sér út.*

TJALDIÐ